



## Umhverfisnefndarfundur 30. maí 2018

Mættir: Sirrý, Haukur, Sára, Ella, Magnús Veigar, Tina, Reimar Atli, Gunnlaugur, Kristófer Hrafn, Harpa, Elín Victoría, Ragna Margrét, Agnes Día, Hjörvar Ingi og Pröstur Óli (GRH og IÓGD veikar).

- Fundur var settur
- Fundarefni síðasta fundar var rifjað upp.
- Rifjuðum aftur upp tilgang umhverfisnefndar og hvert okkar hlutverk er.
  - Ræddum um það hvað umhverfisnefndir gera á fundum. Ræddum um hugtakið „markmið“ og hvað það þýðir.
- Ræddum um það hvernig okkur gengur að ná markmiðunum okkar
  - Átthagar -Markmið 1 (að læra að þekkja nærumhverfi leikskólans): Gengur vel
  - Átthagar-Markmið 2 (Átthagaverkefni m. Útskriftarhópi): Í vinnslu, gengur vel.
  - Lífbreytileiki-Markmið 1 (Fóðrun fugla, fræðsla, búa til fuglahús): Gengur vel. Erum búin að vera dugleg að fóðra fuglana og læra um þá. Erum búin að búa til 2 fuglahús. Ein maríuerla er búin að vera að skoða fuglahúsið hjá bókasafninu, vonandi vill hún einhverntímann eiga heima þar. Umræða um það hvaða fuglar komast inn í fuglahúsið. Ernir geta ekki komist inn, þeir eru of stórir. Umræða um fugla og hreiðurgerð.
  - Lífbreytileiki-Markmið 2 (Að læra að þekkja lífríkið í umhverfi sínu): Gengur vel. Allt að lifna við. Erum farin að fara út með spjöldin okkar og rifja upp hvað allt heitir. Ætlum að búa til skordýrahótel í næstu viku. Umræða um mismunandi sóleyjar, allir mundu eftir hófsóleyjunum sem við fundum í lambaferðinni. Rætt var um það hverjir borða skordýr. Yfirleitt bara fuglar á Íslandi en samt er til fólk sem borðar skordýr. Öllum börnunum fannst það frekar ólystugt 😊
  - Hnattrænt jafnrétti-Markmið 1 (Að vinna markvisst með þjóðerni barna og starfsfólks í leikskólanum og fá upplýsingar um aðstæður barna í þeim löndum og tengja við barnasáttmálann): Gengur vel. Erum búin að kynnast og læra um 7 lönd, bara 2 eftir.
- Við stöndum okkur vel í að flokka eins og alltaf. Mikið væri nú gott ef allir á Íslandi og í heiminum flokkuðu eins og við 😊
- Næsti fundur verður eftir sumarfrí, miðvikudaginn 22. ágúst 2018.
- Fundi slitið